

Starfsáætlun Ægisborgar

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra - Auður Ævarsdóttir.....	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
2.1 Ytra mat – Starfsmannakönnun	5
2.2 Ytra mat – Foreldrakönnun.....	7
2.3 Innra mat	7
3 Innra mat deilda	9
3.1 Innra mat Kots	9
3.2 Innra mat Fjörudeildar	10
3.3 Innra mat Bárudeildar.....	12
3.4 Innra mat Öldudeildar.....	14
3.5 Innra mat Sérkennslu.....	17
3.6 Innra mat fjölmennningar	19
4. Starfsþróun og fræðsla.....	21
4.1 Leikur, nám og gleði – Erasmus+!	23
5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	25
6. Foreldrasamvinna.....	26
7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
8. Fylgigögn	28
8.1 Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Ægisborgar 2023-2024.....	28



Leikur





Leifarljós Ægisborgar

Í Ægisborg er menntandi umhyggja höfð að leiðarljósi og þess kappkostað að leikur, gleði og virðing einkenni skólabraginn.

1. GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA - AUÐUR ÆVARSDÓTTIR

Starfsárið sem senn líður undir lok einkenndist af leik, gleði og fagmennsku. Starfsmannahópurinn í Ægisborg samanstendur af fjölbreyttum hópi kennara og leiðbeinenda sem leggja metnað í að börnum líði vel í leik og námi.

Ný og betri starfsmannaaðstaða leit dagsins ljós í Ægisborg. Aðstaðan var tekin í notkun í nóvember 2023. Við breytinguna fengum við eldhús og setustofu fyrir kennara, fundarherbergi, undirbúningsherbergi, fataherbergi starfsfólks og salerni. Það má með sannri segja að kennarar í Ægisborg eru himinlifandi með breytingarnar.

Stjórnendur færðu sig um set í eldra húsinu og eru nú með skrifstofu í „gömlu kaffistofunni“ í opnu rými. Með þessu losnaði um lítið rými þar sem skrifstofan var áður. Því herbergi var breytt í svokallað „Notó“ en við erum alsæl með það rými sem nýtist bæði starfsfólki og börnum sem vilja lesa bækur, spila eða spjalla í rólegheitum.

Nýir kaflar í Aðalnámskrá leikskóla voru settir fram af ráðuneytinu árið 2023. Helstu breytingar eru aukin áhersla á sjálfsprottinn leik barna, inngildingu, fullgildi og lýðræði barna. Vinna við endurgerð skólanámskrár Ægisborgar hófst á starfsárinu og stefnt er að því að skila fullgerðri námskrá um næstu áramót út frá nýjum áherslum.

Ægisborg er þátttakandi í þróunarverkefni sem er styrkt af Erasmus+ sem er samevrópskur styrktarsjóður sem stofnanir og samtök sem sinna menntun og æskulýðsstarfi geta sótt styrk til, m.a. vegna samstarfs kennara og skólabarna. Verkefnið snýst um samstarf fjögurra leikskóla í Reykjavík og jafn margra í Stokkhólmi og setti það mikinn svip og skemmtilegan brag á leikskólalífið liðið starfsár. Í verkefninu er megináhersla á leik barna og hlutverk kennarans í leiknum og í vetur stigu fullorðnir í Ægisborg lengra inn í leikheiminn en áður. Verkefnið snertir marga fleti er koma fram í nýrri aðalnámskrá. Helst ber að nefna sjálfsprottinn leik, námsumhverfi, inngildingu, fullgildi og hlutverk kennarans. Nánar verður fjallað um verkefnið í kafla 4.1.

Starfsmannahópurinn hefur fengið fræðslu á skipulagsdögum og viðað að sér þekkingu bæði í námi og á námskeiðum á árinu, bæði í tengslum við leikinn og samstarfið við leikskólann í Stokkhólmi.



Galsi hlaupinn í þrjár fræknar, sem voru í þann mund að halda netfyrirlestur á Menntastefnumóti Reykjavíkurborgar. Frá vinstri, Auður, María Halldóra og Lilja.



Foreldrasamstarf hefur verið farsælt á árinu og við höfum haldið í hefðir hvað varðar „vöflukaffi“ tvisvar á ári (á aðventu og að vori), foreldrasamtöl og fleira. Við erum með heitt á könnunni fyrir foreldra á fimmtudagsmorgnum og það er bæði vinsælt hjá foreldrum og börnum. Mjög notalegir morgnar.

Á komandi starfsári höldum við áfram að þróa og innleiða starfsaðferðir með samstarfsleikskóla okkar í Stokkhólmi. Verkefnið tekur tvö ár og það verður virkilega spennandi að fara inn í seinna árið með þá reynslu sem við höfum nú þegar.



Gluggabörn! Mynd Bryndísar Eirar Kristinsdóttur.

Unnið verður áfram með hlutverk kennarans í leik og „leikheim“ barnanna. Það eru einhverjir töfrar sem gerast í þessu verkefni og má sjá mikla gleði, hvort tveggja hjá kennurum og börnum!

Önnur stór verkefni fram undan er endurgerð námskrár Ægisborgar og innleiðing Grænna skrefa.

Kæru foreldrar, börn og starfsfólk í Ægisborg, bestu þakkir fyrir gott og farsælt samstarf á liðnu ári. Leikskólasamfélagið í Ægisborg hlakkar til að takast á við spennandi verkefni á komandi starfsári.



Leikur.






Frá vinnu Öldudeildar í Myndlistaskóla Reykjavíkur.


2. INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS FYRIR 2023-2024

2.1 YTRA MAT – STARFSMANNAKÖNNUN

Starfsmannakönnun var gerð í nóvember 2023. Í ár, líkt og í fyrra, tók allt starfsfólk Reykjavíkurborgar þátt í könnuninni *Stofnun ársins* á vegum Gallup/Sameykis, svo það var hægt að bera niðurstöður saman milli ára. Ægisborg var í 48. Sæti af 128 í flokki borgarstarfstaða með 4,39 í heildareinkunn (af 5 mögulegum). Samanburð á þáttum Ægisborgar og annarra borgarstofnana má sjá hér að neðan.



Niðurstöður þessa árs vísa til góðra framfaraskrefta frá árinu á undan hvar heildartalan var 4,06 og því um bætingu að ræða upp á 0,33 stig milli ára. Lengi var það svo að starfsfólki þótti Ægisborg aðstöðudöpur en með tilkomu nýrrar kaffistofu og undirbúningsaðstöðu, tekur liðurinn vinnuskilyrði kipp og er sá liður sem breytist mest milli ára.



Þeir þættir sem hæst skorðu snéru að ímynd og stjórnun en þeir sem lægst snertu flestir laun sem starfsstaðurinn hefur afar takmarkað vald yfir sem slíkur. Sjá á eftirfarandi myndum.



Það sem álykta má af könnun Gallups/Sameykis er að Ægisborg sé á góðum stað í starfsmannamálum. Vel þokast í rétta átt og má starfshópurinn vel við una, en vissulega eru þættir sem má bæta svo sem hljóðvist. Aðstöðubæting hefur virkilega jákvæðar afleiðingar fyrir upplifun starfsmanna og sýnir að úrbæturnar hafa skilað góðum árangri.



Göngum yfir brúna





Úr útskriftarferð

2.2 YTRA MAT – FORELDRAKÖNNUN

Foreldrakönnun er gerð annað hvert ár og hittist þannig á að engin var gerð þennan veturinn af hálfu Reykjavíkurborgar. Það er óheppilegt þar sem slík könnun veitir leikskólastarfi gott aðhald og góða hvatningu.

2.3 INNRA MAT

Nokkuð margir umbótaþættir í starfsáætlun 2023-2024 tengdust innra mati. Umbótaþættina má sjá á upptalningunni hér á eftir og í kjölfarið fylgir umfjöllun um afdrif hvers þáttar í starfinu. Í lokin fylgir umbótaáætlun komandi vetrar.

Endurskoðun námskrár. Vinna við endurskoðun á námskrá Ægisborgar hófst í haust með hliðsjón af nýju áherslum í *Aðalnámskrá leikskóla 2023*. Kennarar kynntu sér nýjar áherslur í námskránni með því að lesa gögnin og taka þátt í umræðum á skipulagsdegi. Sérstaklega var rýnt í hugtökin *sjálfsprottin leikur* barna, *inngilding* og *fullgildi*. Kristín Hildur Ólafsdóttir verkefnastjóri hjá skrifstofu SFS kom á skipulagsdag 2. apríl og leiddi umræður um námssvið leikskóla. Áframhald á þeirri vinnu verður í haust og skil á nýrri námskrá Ægisborgar er áætluð 1. janúar 2025.

Lausnateymi í Ægisborg hefur verið stofnað og í því sitja leikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórar og fulltrúi frá Vesturmiðstöð. Unnið verður eftir því verklagi sem lagt er upp með frá Vesturmiðstöð. Hlutverk lausnateymis er að kortleggja stöðu barna og leita lausna til stuðnings þeim. Teyminu er einnig ætlað að vera handleiðsla til kennara. Til teymisins er hægt að vísa málefnum barns.

Erasmus+ samstarfi Ægisborgar og leikskóla í Stokkhólmi eru gerð skil í kafla 4.1, en rýnt hefur verið í námsumhverfi barna og hlutverk kennara. Mikið hefur verið ígrundað og skráð í samstarfi með kennurum í Stokkhólmi og má segja að þessi umbótaþáttur sé sá sem mestu þúðri hefur verið varið í af öllum. Niðurstöður voru meðal annars kynntar á Menntstefnumóti Reykjavíkurborgar 2024, en þá héldu Auður leikskólastjóri, Lilja í Kotinu og María Halldóra á Öldudeild erindi um verkefnið.

Samstarf elstu barna og Myndlistarskóla Reykjavíkur tókst vel og erum við þakklát fyrir að fá að kynna ólíkum leiðum sköpunar.

Þekking á birtingarmyndum ofbeldis. Ellefu starfsmenn hafa tekið námskeiðið *Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga hjá Barna- og fjölskyldustofu*. Einn starfsmaður fór námskeið hjá Barnaverndarstofu þegar barn sýnir óæskilega kynferðislega hegðun og kynnti stjórnendateymi hvers hann var vísari. Í kjölfarið er



Sjöfn les í Notó. Lesstundin hófst með tveimur tilheyrendum en svo bættist í lesþyrstan hópinn.



ljóst að það þarf að verða til verklag í starfsmannahandbók um hvernig skuli brugðist við og að allt starfsfólk þurfi að fá fræðsluna. Ekki náðist að koma því á koppinn í vetur og því þarf að endurnýja þennan þátt í umbótaáætlun næsta vetrar.

Umbótaáætlun vegna innra og ytra mats fyrir komandi starfsár.

UMBÓTAPÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Aðferðir?	Viðmið um árangur
Endurskoðun námskrár út frá nýjum köflum í aðalnámskrá leikskóla 2023.	Að klára vinnu við endurgerð á námskrá Ægisborgar	Samtal starfsfólks um áherslur í aðalnámskrá og samantekt á því í nýja námskrá. Ritun námskrár Ægisborgar	Stjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Er námskrá Ægisborgar tilbúin?	Gert eða ógert
ERASMUS+ samstarf með leikskóla í Stokkhólmi	Auðga og styrkja hlutverkaleik barna og kennara	Vinna með sömu sögu og sænsku börnin. Búa til leikheim sögunnar með börnunum og ígrunda í kjölfarið með kennurunum frá Svíþjóð.	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Ljósmyndir, skráningar í ferlimöppu, rýnihópur barna, rýnihópur kennara á skipulagsd.	Skýrsla um verkefnið. Kynning
Þekking á birtingarmyndum ofbeldis	Efla forvarnir meðal barna gegn kyn-ferðislegu og kynbundnu ofbeldi	Allir starfsmenn sækja námskeið á vegum Barna- og fjölskyldustofu	Stjórnendur	Haust 2024	Jan 2025	Hve margir sóttu námskeiðið?	Að starfsfólk þekki birtingarmyndir téðs ofbeldis
Græn skref	Hefja innleiðingu á grænum skrefum Reykjavíkurborgar	Teymi geri áætlun um innleiðingu grænna skrefa út frá gátlista	Stjórnendur Teymi um grænu skefin	Haust 2023	Maí 2025	Fyrsta skrefi lokið	Lokið/Ólokið
Hljóðvist	Bæta hljóðvist á Öldudeild	Finna leiðir til að bæta hljóðvist á Öldudeild og matsal	Sjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Bæta hljóðvist	Að hafa bætt hljóðvist í Öldudeild/matsal



Myndir frá Bárudeild



3 INNRA MAT DEILDA

3.1 INNRA MAT KOTS



GREINAGERÐ INGIBJARGAR BRAGADÓTTUR DEILDARSTJÓRA


Í Kotinu eru 15 börn; tíu þeirra eru fædd 2020, tvö 2021 og þrjú 2022. Til gamans má nefna að eitt þeirra er að klára sitt þriðja ár í Kotinu. Engin breyting var á starfsmannahópnum. Þar sem endurbætur í Kotinu tóku lengri tíma en áætlað var, hófst aðlögun nýrra barna ekki fyrr en í nóvember. Við tókum á móti 10 börnum þá, en fjögur voru eftir frá fyrra ári. Í mars bættist svo eitt barn í hópinn.

Dagskipulagið í Kotinu var eins á milli ára, fastir þættir eins og morgunmatur, hádegismatur og síðdegishressing á sínum stað. Tvær samverustundir önnur fyrir hádegismat þar sem er sungið og lesin bréf þegar þau berast og svo lestrarstund eftir síðdegishressingu. Góð hvíld er svo í hádeginu og þá sofa þau sem þurfa og hin hlusta á tónlist og/eða sögur. Leikurinn fær svo að njóta sín þess á milli. Þau velja sér viðfangsefni eftir áhuga og félagsskap og geta farið á milli eftir því hvert leikurinn ber þau.



Inga deildarstjóri

Í vetur höfum við verið að vinna að verkefninu *Leikur, nám og gleði* í samstarfi með leikskólanum Luxviken í Stokkhólmi og hefur Lilja leikskólakennari haldið utan um það. Hún og María Halldóra og Auður leikskólastjóri fóru svo til Stokkhólms til að kynna okkar nálgun á verkefnið og fylgjast með og taka þátt í starfinu þar. Báðir skólarnir hafa verið að vinna með bókina *Hvað gerðist þá?* sem er múmínálfabók, og verður áframhald á þeirri vinnu næsta vetur. Nánar má lesa um þetta í kafla 4.1.



Útivera er alla morgna þar sem börnin fá góða hreyfingu og útrás og geta farið í ærslaleiki. Elstu börnin á deildinni fóru í KR einu sinni í viku.

Í umbótaáætlun 2023-2024 var lagt upp með að koma listsköpun inn í dagskipulagið og tókst það nokkuð vel. Var t.d. boðið uppá málningarvinnu, vatnslitun o.fl. fyrir útiveru og eftir hvíld. Einnig ætluðum við að brjóta upp dagskipulagið með tilliti til útiveru, þar sem ekki þyrftu allir að fara út fyrir hádegi heldur væri hægt að vera inn fyrir hádegi og fara út eftir hvíld. Það gekk stundum, t.d. þegar við vorum í leikstundum (í múmínverkefninu). Annars vilja börnin yfirleitt öll fara út þegar það er í boði.



Umbótaáætlun Kots fyrir 2024-2025.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Aðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulag	Að nota sjónrænt dag-skipulag	Að allir geti nýtt sér sjónrænt skipulag	Leikskólakennarar	Haust	Vor	Á deildarfundum	Að við sjáum b. nýta sér og skilji skipulagið
Leikur, nám og gleði.	Að allir taki þátt	Að hafa fleiri leikstundir	Leikskólakennarar	Haust	Vor	Tökum myndir og myndbönd og skráum	Skráningar og ígrundun.

3.2 INNRA MAT FJÖRUDEILDAR



GREINARGERÐ HEIÐU KRISTÍNAR MÁSDÓTTUR DEILDARSTJÓRA

Haustið fór hressilega af stað. Við skiptum um rými við Öldudeild og fluttumst hinum megin í húsið. Vegna framkvæmda í Koti þurftu bæði börn og starfsfólk þaðan að vera með okkur inni á Fjörudeild fram í miðjan október. Það var því flókið að koma á dagskipulagi og rútínu barna vegna gestanna fyrir þann tíma, en við komumst tiltölulega klakklaut í gegnum verkefnið.

Barnahópurinn samanstóð af 17 börnum; sex fæddum 2019, hin 2020. Fimm héldu áfram á Fjörudeild frá vetrinum áður, 11 börn komu úr Koti og einn drengur kom frá öðrum leikskóla. Stöðugildi voru þrjú, auk 6 tíma stuðningsstöðugildis, en um páska greindist eitt barnið á deildinni með sykursýki og fyrir vikið bættist heil stuðningsstaða við hópinn.

Í vetur höfum við verið í mikilli og ómetanlegri samvinnu við þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða varðandi ráðleggingar og stuðning til okkar og foreldra.



Heiða Kristín





Leikið með ljós á Fjörudeild.

Fastir liðir eins og venjulega voru að sjálfsögðu okkar góða og skemmtilega samstarf við KR, þar sem við förum reglulega í íþróttasalinn og höldum uppi lýðheilsustarfi þar með börnunum. Matsalurinn stendur alltaf fyrir sínu þar sem börnin borða saman þvert á deildir, taka þann tíma sem þau þurfa, skammta sér sjálf og ganga frá. Við höldum upp á Þorrann, jólin, öskudag, bangsadag, dótadag, bolludag, hrekkjavöku, sprengidag og alla aðra skemmtilega daga ársins. Börnin voru dugleg að koma með bréf að heiman og ferilmappan þeirra fyllist jafnt og þétt af skemmtilegum skráningum úr starfinu. Við vorum dugleg að fara í ferðir, þá sérstaklega í fjöruna þar sem við eigum alltaf góðar stundir.

Leikverkefnið með Stokkhólmi átti einnig sinn sess í vetrarstarfinu. Við höfðum ef til vill færri leikstundir en við hefðum viljað, en gerðum deildina mjög múmínlega og höfðum verkefnið alltaf á bak við eyrað. Einn kennaranna gerðist svo góður að hekla múmínbangsa fyrir deildina, sem slógu í gegn og eru mikið notaðir í leik.

Í umbótaáætlun Fjörudeildar frá síðasta ári voru tveir þættir fyrir liðinn vetur. Fyrri matsþátturinn var *umhverfið*. Viðmið um árangur væri að börnunum liði vel inni á deild, gott flæði væri á leiknum og að efniviður væri aðgengilegur. Þetta gekk mjög vel. Líkt og áður kom fram fluttumst við til innan leikskólans og sóttum okkur góðar ráðleggingar frá hegðunarráðgjöfum Vesturmiðstöðvar. Ásamt því að ráðleggja okkur fannst þeim flott hve mikið sjónrænt skipulag var uppi við, en við sáum fljótt að það þyrfti, sérstaklega í fataklefa, samverustundum og hvíld. Skipulagið og uppröðun deildarinnar var iðulega rætt á deildarfundum og í daglegu starfi, við réðum ráðum okkar um hvað gengi vel og hvað mætti prófa öðruvísi og erum við mjög ánægð með útkomuna. Við færðum reglulega til húsgögn og dót en einnig lestrarstundir og samverustundir til að prófa hvað hentaði best. Aðgengi að efniviði er gott, það er auðvelt að ganga frá og nóg rými fyrir börnin að leika sér saman eða í minni hópum.

Seinni matsþátturinn var *hlutverk kennarans í leiknum*. Viðmið um árangur væri að kennarar og starfsfólk hefðu góða tilfinningu fyrir því hvernig best væri að taka þátt í leik barna, hvert hlutverk þeirra væri hverju sinni og að við kynnum að lesa í aðstæður. Þetta er eitt af þeim verkefnum leikskólans sem er sífellt í þróun og er aldrei alveg lokið. Þetta hefur gengið mjög vel og hefur verið gaman að fylgjast með starfsfólkinu að prófa sig áfram. Næsta vetur munu tveir árgangar blandast jafnt á milli Fjörudeildar og Bárudeildar vegna þess hversu stórir árgangarnir verða. Það verður því mikið samstarf milli deildanna tveggja, enn meira en veturinn sem er að líða. Hugsunin er að flétta saman deildirnar svo börn beggja hafi sömu tækifæri og upplifi sig vonandi sem eina stóra heild. Þetta opnar fyrir mjög skemmtilega möguleika á allskyns útfærslum sem undirrituð og deildarstjóri Bárudeildar munu vinna saman að og erum spenntar fyrir.

Einnig munum við halda áfram í leikheimaverkefninu með leikskólanum Luxviken í Svíþjóð. Við munum því leggja áherslu á að hafa reglulegri leikstundir en síðasta vetur og að allt starfsfólk deildarinnar finni sig í því verkefni og taki af skarið við að þróa það saman.



Mokað úr graskeri á hrekkjavöku.



Umbótaáætlun Fjörudeildar 2024-2025.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf við Bárudeild	Að deildirnar tvær verði samstiga og samstarfið verði farsælt	Deildarstjórar skipuleggi starfið í samvinnu og tryggi góða upplifun barnanna	Deildarstjórar Fjörudeildar og Bárudeildar	Júní 2024	Júlí 2025	Reglulegir fundir, rýnt í líðan barna og ákvarðanir ígrundaðar á deildarfundum	Að börnum á báðum deildum finnist þau ein stór heild og enginn upplifi að þau séu að missa af
Erasmus+ verkefni	Að verkefnið haldi áfram að þróast og allt starfsfólk finni sitt hlutverk í því	Reglulegar leikstundir sem fastur liður í skipulagi deildarinnar	Deildarstjóri	Ágúst 2024	Júlí 2025	Ígrundað og rætt á deildarfundum	Að kennarar finni sinn sess í verkefninu, séu sjálfsöruggir í sínu hlutverki og hafi gaman af.


3.3 INNRA MAT BÁRUDEILDAR



GREINAGERÐ DILJÁR AGNARSDÓTTUR DEILDARSTJÓRA

Haustið 2023 voru 17 börn á Bárudeild, öll fædd 2019. Tvö börn voru sinn annan vetur á Bárudeild, 14 komu af Fjörudeild og eitt barn kom úr öðrum leikskóla. Þar sem börnin komu flest af Fjörudeild og vön að vera saman í hóp gekk aðlögun á milli deilda hnökralaust fyrir sig og hópurinn slípaðist fyrr saman en oft áður. Eins og árið áður fundum við vel kosti þess að hafa mikinn samgang á milli Bárudeildar og Fjörudeildar, en starfsfólk þekkti börnin ljómandi vel þegar kom að flutningi á milli deilda og börnin þekktu kennarana.


Vegna þess hve fjölmennur 2018 árgangurinn var í Ægisborg, skiptu Öldudeild og Fjörudeild um rými í húsinu og höfðum við því Fjörudeild sem nágretta í stað Öldudeildar. Það var heillaskref og ég leyfi mér að halda því fram að það hafi



Diljá deildarstjóri með tíkó



skapað rólegri stemningu á Bárudeild að hafa yngri börn í næsta rými í stað þeirra elstu. Við þurftum að taka auknið tillit til þeirra verandi „eldri og reyndari“ aðilinn í sambýlinu.



Hattifattar og fleiri figúrir á glugga Bárudeildar.

Ferðir í KR voru með Fjörudeild og elstu Kotbörnunum á föstudagsmorgnum. Þetta hefur gengið stórkostlega eins og við var að búast og Bárubörninn njóta þess þar líka að vera fyrirmyndir þeirra sem yngri eru.

Bréf að heiman og Sýna og segja frá voru á dagskrá sem áður og voru börnin dugleg að segja okkur frá því sem á daga þeirra drífur utan leikskólans. Misjafnlega mörg bréf koma að heiman yfir veturinn og einn þáttur í umbótaáætlun vegna fjöltyngi og fjölbreyttrar menningar er að hvetja foreldra enn frekar til bréfaskrifta til að jafna stöðu barnanna í hópnum.

Deildarstjóri er að sækja sér aukna menntun og hefur því verið í námsleyfi reglulega í vetur og aðrir starfsmenn deildarinnar hafa af þeim sökum þurft að bera auknar byrðar á meðan og kann deildarstjóri þeim bestu þakkir fyrir.

Í umbótaáætlun fyrra árs var að festa flæði á milli Bárudeildar og Fjörudeildar í dagskipulagi. Þetta hefur raungerst og verið einu sinni í viku frá kl. 13 til loka dags. Í upphafi höfðum við Flæðið frá síðdegishressingu en spennustigið var afar hátt á þeim stutta tíma og þau börn sem voru sótt snemma áttu erfitt með að missa af gleðinni. Við lengdum flæðið og höfðum það frá hvíld og til loka dags og gafst það vel, börnin nutu þess fá rýmri tíma. Vilji er til að innleiða flæðið víðar um húsið og er stefnt að því á næsta starfsári.

Á umbótaáætlun var að gera leikrými deildarinnar huggulegra og bæta inn húsgögnum fyrir leshorn en slíkt krefst fjármagns úr heildarsjóði leikskólans. Þetta sat á hakanum þennan veturinn og verður því áfram á umbótaáætlun næsta starfsárs.

Deildarfundir voru ekki nógu reglulegir og það er miður og verða þeir því enn og aftur á umbótaáætlun. Einnig stóð til að hafa gera leikskráningar fyrir öll börnin í vetur en við nánari athugun eru leikskráningar eins og gerðar hafa verið á yngri deildum ekki heppilegar því leikur Bárubarna er orðinn svo flókinn og margslunginn. Þess í stað látum við myndir tala sínu máli í möppunum og gerðum ítarlegri skráningar fyrir Sýna og segja frá.

Vegna samsetningar barnahópsins var ákveðið að hafa Bárudeild og Fjörudeild jafnaldra deildir í haust. Deildarstjórar beggja deilda vilja að samstarf verði um sem flest og svipað snið á báðum deildum. Þegar þetta er ritað er verið að útfæra það nánar.

Þegar börnin á Bárudeild eru spurð hvað er skemmtilegast í leikskólanum eru svörin einföld: að teikna, að leika með holukubba og leika með vinum/vinkonum.

„Okkur finnst skemmtilegast að leika saman. Við erum búin að leika saman í svona 100 ár.“ -Einn 5 ára.



Umbótaáætlun Bárudeildar starfsárið 2024-2025.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikrými	Gera leikrýmið huggulegra og meira bjóðandi til leiks	Kaupa allskonar og koma betra skipulagi á leikefnið	Deildarstjóri og leikskólakennari	Haut 2024	Vor 2025	Leikrýmið skoðað og gagnrýnt.	Er leikefnið bjóðandi og rýmið huggulegt?
Enn meira flæði!	Flæði með enn fleirum	Taka fleiri deildir í Flæði	Deildarstjórar	Haut 2024	Vor 2025	Hverjir voru með í Flæði?	Eru fleiri oftari með í Flæði?
Fastir, reglulegir deildarfundir og samráðsfundir	Fundir í forgang	Festa niður dagsetningar fyrir fundi	Deildarstjóri	Haut 2024	Vor 2025	Voru haldnir fundir reglulega?	Fundir reglulegir í dagbók

3.4 INNRA MAT ÖLDUDEILDAR



Útskriftarsöngur

GREINARGERÐ MARÍU HALLDÓRU JÓNSDÓTTUR DEILDARSTJÓRA

Haustið 2023 var tekið á móti 21 barni á Öldudeild. Fyrir voru 6 börn á deildinni þannig að samtals urðu þau 27, öll fædd árið 2018. Við vildum gjarnan halda árganginum saman á deild og tókum þá ákvörðun að skipta um rými við Fjörudeild, en þar var húsnæðið hentugra fyrir hópinn. Það var okkar von að öllum liði vel á fjölmennri deild og því var það aðalverkefni vetrarins að skipuleggja starfið með það í huga. Börnunum var skipt í tvo hópa og hvor fékk úthlutað rými sem sína heimastofu. Hóparnir skiptust á að vera í útiveru á meðan hinn var inni og þannig tókst okkur að minnka barnafjöldann á deildinni og allir gátu betur notið sín í leik. Við lögðum eitt rými undir holu- og einingakubba og annað undir listsköpun og teikningu. Kubbabyggingar fengu að standa og breytast þegar leið á vikuna og allsherjar tiltekt var einungis á föstudögum. Börnin á Öldudeild sögðust vera ánægð með þetta fyrirkomulag.



María Halldóra





Gúrkutíð á Öldunni

„Það er gaman. Mjög gaman. Bara að leika við vini mína.“ „Bara ganga vel. Skemmtilegast úti í „fóbó.““

Í október fengum við góða gesti frá leikskólanum Luxviken í Stokkhólmi. Börnin tóku vel á móti þeim sem múmínkennurinum frá Svíþjóð, en við höfum í vetur verið að vinna með múmínbókina „Hvað gerðist þá?“ Það urðu til skemmtilegar leikstundir sem vöktu gleði, bæði meðal barna og fullorðna. Morrin var tíður gestur og sérstaklega velkominn.

Öldudeild var í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur í vetur og mætti hvor hópur vikulega í

fjögur skipti. Það er dásamlegt, að mati undirritaðrar, að koma inn í skólann og fylgjast með börnunum vinna að listsköpun undir leiðsögn myndlistakennaranna þar. Það var alltaf mikil tilhlökkun að mæta og við fengum margar góðar hugmyndir um hvernig við getum haldið áfram að skapa í leikskólanum.

„Það var mjög gaman. Við gerðum úr leir þarna fjöll. Ég gerði skíðabrekku.“

Elstu börnin fengu heimboð á Alþingi Íslendinga, sem við þáðum með þökkum. Þar var okkur fylgt um húsið og fengum kynningu á hlutverki Alþingis o.fl. Börnin fengu að prófa að kjósa um málefni og skila atkvæði í kjörkassa. Í framhaldi af því höfum við útbúið kjörkassa og kosið um ýmislegt sem okkur langaði, eða langaði ekki að gera á Öldudeild.

„Það var mjög, mjög, mjög, mjög skemmtilegt, út af listaverkið sem hvíslaði...ég man það ekki.“ „Það var drekinn sem hvíslaði mér.“

Deildinni var boðið að taka þátt í barnamenningarhátíð í vor, í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Börnin lögðu sig fram við að æfa lög eftir Stuðmenn og Valgeir Guðjónsson og var lokaafurðin risatónleikar í Hörpu, þar sem nokkur hundruð börn sungu saman.

„Mér finnst það mjög skemmtilegt. Mér fannst skemmtilegasta lagið Tívolí, Svarti Pétur og Vorið kemur heimur hlýnar.“

Leikhúsheimsóknir í Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið voru á sínum stað og samstarf við Grandaskóla var endurvakið. Við fórum líka öll í heimsókn í Melaskóla, með nesti, sem vakti mikla lukku meðal barnanna. Farið var í íþróttir í KR vikulega og okkur bárust mjög mörg bréf að heiman, þar sem börnin segja hinum frá hvað þau voru að aðhafast utan leikskólans. Það er liður í að tengja saman heimilin og leikskólann og þau æfa sig í að koma fram fyrir hóp. Það hefur verið hefð fyrir því að elstu börnin í Ægisborg búi til stuttmynd sem útskriftarverkefni sitt. Þar sem fjöldi barnanna var mikill gerðu hóparnir hvor sína mynd. Ævintýrið! og Ævintýravandamál litu dagsins ljós og hlutu mikið lof áhorfenda. Báru- og Fjörudeild var í framhaldi af því boðið í bíó og fengu smá innsýn í hvað gæti beðið þeirra næsta vetur. Eftir útskrift var haldið Pálínuboð, sem stendur upp úr hjá einhverjum börnum eftir veturinn.

„Allavega þegar það var útskriftarpartý.“ „Já! Pálínuboðið.“



Sköpun sólkerfis



Stuttu eftir útskrift fórum við í útskriftarferð. Börnin lögðu út í óvissuna sem byrjaði á Hvalasafninu og endaði í Furulundi í Heiðmörk, þar sem pylsur voru grillaðar, swiss miss mallað og mikið leikið úti í náttúrunni.

Starfsárið hefur gengið vonum framár á Öldudeild. Stórum hópi fylgja þeir kostir að félagavalið er mikið, börnin hafa verið tillitssöm hvert við annað, eru góð í að leysa sjálf úr ágreiningi og leikurinn hefur blómstrað. Í umbótaáætlun síðasta árs vildum við skapa fallett og leikhvetjandi umhverfi. Það finnst okkur hafa tekist, en lengi má gott bæta, t.d. fráganginn. Öldubörnin taka undir að þetta hafi bara verið ljómandi góður vetur.

„Mér finnst geggjað æðislegt og mun sakna vina.“ „Það er mjög leiðinlegt að kveðja leikskólann en það var mjög gott að eiga mánuðina á Ægisborg.“

Tilvonandi börn á Öldudeild eru spennt að byrja og hafa einhverjar hugmyndir um hvað þau vilja gera næsta vetur.

„Við elskum allt dótið á Öldudeild. Við prófuðum það þegar Öldudeild var að bralla.“ „Mig langar að teikna einmitt kisu, blóm og rósir.“

Umbótaáætlun Öldudeildar 2024-2025.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Foreldraviðtöl	Að börnin taki þátt í seinna foreldraviðtali	Að barn mæti með foreldrum í viðtal að vori	Deildarstjóri, leikskólakennari	Vor 2025	Vor 2025	Barn kemur með foreldrum í viðtal	Að 90% barna komi með foreldri
Upplýsingagjöf	Að foreldrar fái reglulegar upplýsingar um starfið á deildinni	Föstudagspóstar og fleiri skráningar í fataklefa	Deildarstjóri og leikskólakennari	Haust 2024	Sumar 2025	Sendu reglulega föstudagspósta og hengja upp skráningar í fataklefa	Að það hafi verið gert 1x í viku
Myndir á Völu	Fleiri myndir settar inn á Völu	Myndir settar inn á Völu a.m.k. mánaðarlega	Deildarstjóri	Haust 2024	Sumar 2025	Setja myndir inn á Völu a.m.k. mánaðarlega	10 mánuði ársins komi myndir inn á Völu
Flæði	Að hafa flæði með fleiri deildum	Að setja flæði með fleiri deildum í dagskipulagið	Deildarstjóri	Haust 2024	Vor 2025	Flæði með fleiri deildum verði í dagskipulagi	Að það hafi verið gert
Erasmus+ verkefni	Að vinna áfram með bókabema í samstarfi við Luxviken	Skipuleggja leikstundir	Deildarstjóri	Haust 2024	Vor 2025	Leikstundir skipulagðar reglulega	Að það hafi verið gert



3.5 INNRA MAT SÉRKENNSLU

Innra mat sérkennslu er að þessu sinni ritað af skólalastjórnum. Helgast það af því að Alla Dóra Smith sérkennslustjóri í Ægisborg síðan sumarið 2007, lét af störfum á vordögum og verður henni seint fullþakkað hennar framlag til barnanna í Ægisborg. Húrra fyrir henni.

Sérkennsluveturinn einkenndist aðallega af þrennu. Í fyrsta lagi af nýjum farsæðarlögum sem hafa þegar sett lofsvert mark á stoðþjónustu smæstu borgaranna. Fylgja þeim lögum nýtt verklag og nýjar skjala- og fundareglur til að mynda. Einnig verður til lausnarteymi sem hefur enn frekari áhrif á komandi vetri en í því sitja sérkennslustjóri, leikskólustjóri, deildarstjóri barnsins hverju sinni og svo fulltrúi frá Vesturmiðstöð. Í öðru lagi einkenndist veturinn af mannbreytingum af misjafnlega heppilegum ástæðum. Gleðilega fóru tveir kennarar í fæðingarorlof en aðrir þurftu að vera frá vegna beinbrots og veikinda. Fyrir vikið tók Björk Bjarkadóttir að sér sérkennslustjórahlutverk á móti Öllu Dóru. Það reyndi því á og með góðri samvinnu og öflugum fólki tókst að sinna öllum, vonandi með sem minnstu riski. Í þriðja lagi betri vinnuástandi! Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Með tilkomu Notó hefur skapst mun betri aðstaða til að sinna börnum sem þurfa hvíld frá hópaðstæðum. Til dæmis hefur eitt barnanna verið þar inni í hvíldarstund allan veturinn.



Alla Dóra sérkennslustjóri kvædd eftir 45 ára starf í þágu barna!

Haustið 2024, eftir flutninga milli deilda var kortlagt hvernig best yrði komið til móts við þarfir sérkennslubarna. Einstaklingsáætlanir voru yfirfarnar og nýjar gerðar. Kennarar skiptu með sér verkefnum en þannig er því háttað að fleiri en einn komi að kennslu hvers barns, því ef einn forfallast þá getur annar hlaupið í skarðið.

Þrjú kennarar störfuðu að sérkennslu auk sérkennslustjóra. Tveir voru í fullu starfi og einn í rúmlega hálfu starfi. Verkefni voru margvísleg eins og áður en frekast reynt að sinna einstaklingsþjálfun inni á deild í hópi jafnaldra. Stundum þurfti sérstundir eða að vinna í fámennum hópi.

Snemmtæk íhlutun hefur verið höfð að leiðarljósi sérkennslunnar og gripið inn í sem fyrst sé þess talin þörf. Börnin eiga námskrá sem er unnin með foreldrum þeirra en barnið sjálft er í forgrunni og kennslan sem mest



Holukubbar og stafir

felld inn í daglegt líf þess. Samþætting áhugasviðs, skapandi starfs og sérkennslu skilaði góðu starfi. Þá gátu börnin nýtt sér efnivið leikskólans til að sinna sínum hugðarefnum með frábærum árangri. Sérkennslan býr til myndrænt dagskipulag, fyrir deildirnar og börnin. Félagshæfnisögurnar eru margar eftir þennan vetur, þær eru oft gerðar að beiðni foreldra og deildarstjóra. Sérkennslustjóri fundar með foreldrum og deildarstjórum um þau börn sem þurfa aukna leiðbeiningu. Hljóðkerfisskimunin Hljóm II er lögð fyrir elstu börnin að hausti í því skyni að greina og vinna með þeim sem gætu átt hættu á lestrarerfiðleikum síðar



meir. Niðurstöðurnar fylgja börnunum í grunnskóla. EFI2, málþroskamát er lagt fyrir þau börn sem við teljum þess þurfa þegar þau eru orðin rúmlega 3ja ára. TRAS, er einnig notað til skráningar á málþroskastöðu.

Spjaldtölvur og símar eru meðal okkar helstu kennslugagna. Sérkennarar hafa verið með myndir af leiktækjum í útiveru og hafa skoðað hvernig best er að nýta útivistina. Hefðbundin önnur verkefni eins og málörvun, félagsfærni og fínhyrfingar fóru m.a. fram í flæði á milli deilda. Áður hafði einstaklingskennsla eða kennsla í færri barna hópum verið ráðandi.

Samvinna við leikskólateymið í Vesturmiðstöð var mikil í vetur og til fyrirmyndar líkt og undan farin ár. Við áttum gott samstarf við sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa, sálfræðing auk talmeinafræðinga. Nokkrum börnum hefur verið skilað sérstaklega í grunnskólann og hafa sérkennslustjóri og deildarstjóri Öldudeildar mætt á þá fundi.

Í umbótáætlun sérkennslunnar fyrir síðasta starfsár voru tveir þættir. Annars vegar var stefnt að markvissari skráningum og skipulagningu starfs sérkennara og hins vegar að yfirfæra þekkingu á smáforritum til allra kennara og foreldra barnanna sem um ræddi.

Umbótaáætlun sérkennsludeildar fyrir komandi starfsár.

UMBÓTA-ÞÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið aðferðir?	Viðmið um árangur
Lausnar-teymi	Mynda teymi og kynna tilgang þess og verklag	Mynda teymi, Móta verklag, Umfjöllun á skipulagsdegi	Stjórnendur og sérkennslustjóri	Haust 2024	Vor 2025	Er teymið til? Er verklag til? Var málið kynnt?	Já eða nei
Betri borg fyrir börn	Að starfshópur Ægisborgar þekki fyrir hvað BBB stendur.	Allir starfsmenn ljúki námskeiðinu BBB -SFS á Torginu	Stjórnenda-teymi	Haust 2024	Vorið 2025	Lokið/ólókið	80% starfsfólks hafi lokið fræðslunni



KR jólaæfingar



3.6 INNRA MAT FJÖLMENNINGAR



Börnin fá sér steiktan fisk í hádeginu

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024.

Starfsáætlunarform SFS	Svör Ægisborgar
Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Bækur og spil endurnýjuð.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið var með börnum, hvort tveggja einum og í hóp og langoftast inni á deild barnsins/barnanna. Myndrænt dagskipulag er notað á deildum. Orð eru markvisst sett á athafnir, t.d. í leikstundum, fataklefa og við flestar athafnir. Kennari fylgir börnunum eftir í flæði. Daglegar lestrar-, sögu- og eða söngstundir. Unnið með Gefðu-10 á öllum deildum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já, m.a. með bóklestri, rímum, þulum, og loðtöflusögum. Í fataklefa, við matarborðið á yngstu deild og í leik. Ný orð eru útskýrð og við leikum okkur með málið. Erfiðari bækur eru lesnar og orðin útskýrð þegar það á við. Framhaldssögur lesnar fyrir eldri börnin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Stuðst hefur verið við hæfniramma Menntamálastofnunar, HLJÓM 2, Orðaskil, TRAS – skráningar og málþroskamatið EFI 2 – sem er málþroskaskimun fyrir börn á 4ða ári. Einstaklingsáætlanir eru gerðar og fylgst með framförum. t.d. í <i>appinu Lærum og leikum með hljóðin</i> . Ýmis öpp svo sem <i>Orðagull</i> og spiluð margskonar málörvunarspil sem auka tjáningu og skilning og orðaforða. HLJÓM-2 er tekið að hausti með elstu börnunum og niðurstöður notaðar í kennslu með þeim börnum sem þess þurfa. Farið er yfir það markvisst allan veturinn. Niðurstöður fylgja börnunum í grunnskólann.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í öllu daglegu starfi leikskólans. Bæði inni og úti. Unnið með orðaforða og hljóðkerfisvitund barnanna. Með bóklestri, í sjálfsprottum leik þar sem kennari er nálægur eða þátttakandi, í samverustundum og vinnustundum, Gefðu 10. Út frá einstaklingsnámskrá er unnið með áhugamál hvers og eins, styrkleika og löngun. Bréf að heiman auka málörvun, tengingu milli heimils og skóla.



Í umbótaáætlun síðustu starfsáætlunar var á dagskrá að fagfólk Ægisborgar lærði að nota hæfniramma til að leggja mat á málstöðu barna sem eru að tileinka sér íslensku sem annað mál. Eins og stefnt var að kom Halldóra Sigtryggisdóttir, leikskólastjóri í Ösp, og kynnti hæfnirammanna á skipulagsdegi. Hún gerði gott betur því Saga Stephensen verkefnastjóri fjölmenningar var henni til fulltingis og þær kynntu fyrir starfsfólki Ægisborgar áherslur og mikilvægi markvissrar málörvunar í fjöltyngdum barnahópi. Saga hefur svo fylgt því eftir og verið deildarstjórum innan handar við að tileinka sér notkun hæfnirammanna.

Í annan stað átti að gera fána allra heimalanda barnanna sýnilega á deildum. Það hefur gengið eftir á tveimur deildum af fjórum svo við þurfum að endurvekjja þann þátt í umbótaáætlun næsta árs. Þetta gildir ef barni og foreldrum hugnast að bregða ljósi á sinn bakgrunn. Ef barn og foreldrar kjósa má bæta við fáeinum myndum frá heimalandi undir fánann til forvitni og yndisauka.

Í umbótaáætlun verður líka hnykk á mikilvægi málfyrirmynda og ritun málstefnu leikskólans.


Umbótaáætlun vegna fjölmenningar og fjöltyngi 2024-2025.

Umbótaþáttur /Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Aðferðir?	Viðmið um árangur
Málstefna	Mótun málstefnu Ægisborgar	Ritun leiðbeinandi stefnu um hlutverk kennara og inngildingarþátt tungumáls.	Stjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Gert/ógert	Er stefnan til?
Kennarinn sem málfyrirmynd og málkennari	Auka meðvitund allra starfsmanna um mikilvægi þeirra í kennslu máls.	Fá Emilíu Rafnsdóttur frá MML til leiðsagnar og innleiðingar	Stjórnendur	Haust 2024	Jan 2025	Að starfs hópurinn þekki þær leiðir og aðferðir sem MML leggur til auk málstefnu Ægisborgar	Að 80% starfsmanna hafi fengið fræðsluna og þekki leiðirnar
Bréfastærð	Fjölga bréfum sem börnin koma með að heiman	Útbúa lítið blað fyrir foreldra með leiðbeiningu um þýðingu þess að koma með bréf.	Stjórnendur	Haust 2024	Jan 2025	Gert/ógert	Hafa leiðbeiningarnar verið sendar foreldrum?
Fáni og myndir frá heimalandi ef barn og foreldrar kjósa	Að gera heimamenningu hærra undir höfði	Börn og eða foreldrar koma með myndir frá heimalandi sem hanga fyrir neðan þjóðfána viðkomandi.	Stjórnendur	Sept 2024	Des 2024	Myndir teknar af deildum og dæmi sýnt í næstu starfsáætlun.	Að allir sem vilja hafi haft tækifæri til að koma með myndir frá heimalandi.



4. STARFSÞRÓUN OG FRÆÐSLA

Endurmenntun árið 2023 -2024 var markviss í formi fræðslu sem tengist leik barna og hlutverki kennarans. Við kynntum okkur einnig vel nýja Aðalnámskrá leikskóla 2023, lásu og kynntum okkur nýjar áherslur og fengum fræðslu þar um. Skipulagsdagar voru að auki vel nýttir fyrir starfsmannafundi og deildarfundi.



Á skipulagsdegi 21. ágúst var farið yfir áherslur og umbótapætti í starfsáætlun komandi árs. Kynntar voru niðurstöður úr foreldrakönnun sem gerð var vorið 2023. Við stilltum saman strengi og settum okkur í gírinn fyrir starfsárið enda mörg spennandi verkefni til að vinna að og eflast sem kennari í Ægisborg.

Á skipulagsdegi 22. september var kynning á Erasmus+ samstarfsverkefninu. Kynning á bókinni og þær hugmyndir sem lagt var upp með. Í því var horft til þess að búa til leikheim og kennarar myndu taka þátt með því að stíga meira inn í leikinn en áður og jafnvel í búning. Lilja og María Halldóra voru tengiliðir í verkefninu. Ákveðið hafði verið að vinna með bókina *Hvað gerðist þá?* Umræður voru svo um hvernig við kennarar búum til kveikjur í umhverfi leikskólans.



Gluggað í bók á Fjörudeild á degi bókarinnar 23. apríl.

Sjöfn leikskólakennari sagði okkur frá Tove höfundi múmínbókanna og svo hlustuðum við á Veru Illugadóttur og Stefán Pálsson á Rúv.is að spjalla um múmínheiminn, menningu og persónur.

Stjórnendur og sérkennslustjóri ræddu um nýjar áherslur í aðalnámskrá leikskóla, ný orð og hugtök sem við í Ægisborg þurfum að máta okkur við. Í framhaldi var hópavinna og umræður út frá nýjum áherslum aðalnámskrár leikskóla. Sérkennslustjóri Ægisborgar kynnti hlutverk tengiliðar og fór yfir nokkrar breytingar sem verið er að innleiða í tengslum við farsæld barna. Torgið, fræðsluferfi Reykjavíkurborgar var kynnt fyrir starfsfólki Ægisborgar.

Á skipulagsdegi 10. nóvember komu til okkar Saga Stephensen verkefnastjóri fjölmenningar hjá SFS og Halldóra Sigtryggisdóttir leikskólustjóri í Ösp. Þær kynntu fyrir okkur áherslur og mikilvægi markvissrar málörvunar í fjöltýngdum barnahópi og hæfniramma. Erasmus tengiliðir fóru yfir stöðuna á þróunarverkefninu og næstu skref ákveðin í Ægisborg.

Skipulagsdagur 26. janúar var helgaður múmínverkefninu. Við byrjuðum daginn með innleggi frá Jónu Guðrúnu leiklistarkennara, en vann með leikræna tjáningu og spuna út frá sögu. Eftir góða upphitun var farið í umræður um stöðuna á verkefninu og í framhaldi var farið í „múmínflæði“. Kennararnir undirbjuggu „leikheim“ saumuðu búninga og skópu kveikjur í umhverfi barnanna.





Fyrri hluti skipulagsdagsins 2. apríl fór í fræðslu um sykursýki. Horft var á myndband og framhaldi kom hjúkrunarfræðingur frá LSH með fræðslu. Á starfsmannafundi voru meðal annars niðurstöður úr starfsmannakönnun kynntar. Eftir hádegið kom Kristín Hildur Ólafsdóttir verkefnastjóri og stýrði námskrárvinnu og umræðum um námssvið leikskóla.

17. maí var Menntastefnumót Reykjavíkurborgar. Dagurinn var sameiginlegur fræðsludagur allra grunn-, leik og frístundastöðva í Reykjavík. Fyrir hádegið var starfsfólk á sínum starfsstöðvum að njóta fræðslu á netinu. Eftir hádegið voru málstofur í Melaskóla og Hagaskóla fyrir þann borgarhluta sem tilheyrir Vesturmiðstöð. Fjölbreyttar kynningar voru í boði og eitthvað fyrir alla.

Myndband Ægisborgar um hlutverk kennarans í leik barna, var sýnt á menntastefnumorgninum í streymi. Auk þess að fjalla um hlutverk kennarans eru dregin fram sjónarmið barna þar um með samtali við nokkur börn. Í beinu framhaldi var streymt frá pallborðsumræðum um hlutverk kennara í leik. Ási aðstoðarleikskólustjóri tók þátt í þeim ásamt Ernu Aðalsteinsdóttur deildarstjóra í Gullborg og Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur frá HÍ.

Leikskólustjóri og tengiliðir Ægisborgar í Erasmus+ verkefninu kynntu þróunarverkefnið, samstarfsverkefnið við Luxviken á málstofu fyrir hádegið í streymi, en starfsfólk borgarinnar gat skráð sig á ólíka fyrirlestra. Við vorum nokkuð ánægð með okkar framlag til skólasamfélagsins í Reykjavíkurborg þennan dag. Við enduðum daginn á Kex Hostel í hamingjustund með öðrum leikskólum er tilheyra Vesturmiðstöð.

Einn starfsmaður stundar leikskólaliðanám í Borgarholtsskóla. Annar starfsmaður stundar fagháskólanám í Háskóla Íslands, námið hófst í haust og stendur yfir í tvö ár. Deildarstjóri stundar meistaranám í leikskólafræðum við Háskóla Íslands. Leikskólakennari sótti námskeið um tengslavanda leik- og

grunnskólabarna til 8 ára aldurs hjá Endurmenntun.

Torgið, fræðsluferfi Reykjavíkurborgar, býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk. Kerfið var kynnt starfsfólki á skipulagsdegi og það hvatt til að fara á námskeið. Nú í lok starfsárs má sjá í samantekt að starfsfólk hefur lokið samtals 76 námskeiðum. Þar af eru 48 fræðsluþættir sem stjórnendur Ægisborgar hafa lokið en 28 deilast á 11 starfsmenn.

Sérkennslustjóri fór á námskeið í TEACCH og AEPS, auk tengiliða- og farsældarnámskeið. Sérkennslustjóri er einnig virkur þátttakandi í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra í Reykjavík.



Útlistaverk í smíðum.



Leikstund. Morrinn vekur hrifningu og hræðslu.



4.1 LEIKUR, NÁM OG GLEÐI – ERASMUS+!



Múminveröld í mótun á skipulagsdegi. Spurning hvaða hlutverki tómatsósufaska gegnir!

Erasmus+ er samevrópskur styrktarsjóður sem stofnanir og samtök sem sinna menntun og æskulýðsstarfi geta sótt styrk til, m.a. vegna samstarfs kennara og skólabarna. Ægisborg er þátttakandi með leikskólum á Íslandi og í Stokkhólmi. Segja má að þróunarverkefni sem við byrjuðum í 2022, *Leikur, nám og gleði*, þegar við hlutum styrk úr B – hluta þróunarsjóðs, hafi undið skemmtilega upp á sig.


Anna Magnea Hreinsdóttir lektor við HÍ var verkefnastjóri og hún ásamt Kristínu Hildi Ólafsdóttur verkefnastjóra SFS, sáu um skipulag og þróun verkefnisins. Samstarfsskólar í verkefninu eru Gull- og Grandaborg ásamt Laugasól, sem bættist í hópinn í námsferð sem farin var vorið 2023 til Stokkhólms. Í námsferðinni þróuðust málin þannig að við ákváðum að sækja um styrk og fara í samstarf með fjórum leikskólum í Svíþjóð, þar sem unnið er með eina bók í heilan vetur. Leikskólarnir eru Valvet, Luxviken, Leendet og Gambrinus.

Markmið verkefnisins er að undirstrika mikilvægi leiksins sem meginnámsleið barna með áherslu á hlutverk og stuðning kennara og annars starfsfólks, námsumhverfis sem styður við leik og að börnin hafi tækifæri til að læra hvert af öðru.

Skipulag. Anna Magnea og Kristín Hildur skipulögðu fimm fundi þar sem tengiliðir hvers skóla og stjórnendur hittust. Þar var m.a. fyrirlestur um leik barna, skráningar á leik barna, kynning á etwinning, leikræn tjáning með leiklistarkennurum Jónu Guðrúnu og Rannveigu. Tengiliðir hvers skóla kynntu einnig innleiðinguna í þeirra leikskóla og sýndu og sögðu frá leikstund með leikskráningu.



Múminverur í glugga. Heiðurinn af þeim á Hulda Hrund á Fjörudeild.



Í janúar var starfsmannafundur með öllum fjórum leikskólunum þar sem Sara Margrét Ólafsdóttir, dósent í menntunarfræðum ungra barna, hélt fyrirlestur um leik barna og í framhaldi voru umræður í hópum.

Innleiðing. Samstarfsleikskóli Ægisborgar er Luxviken og fyrsta verkefnið var að velja sameiginlega bók til að vinna með. Bókin sem varð fyrir valinu heitir *Hvað gerðist þá?* Bókin er múmínsaga, en allar deildir fengu eintak. Tengiliðir Ægisborgar kynntu verkefnið fyrir öllu starfsfólki í ágúst. Áhugi var á verkefninu og lögð var áhersla á að allar deildir væru þátttakendur. Umhverfið á deildum bar þess fljótt merki að unnið væri með múmínabók. Kennarar og börn höfðu sett fram kveikjur í umhverfið. Í janúar 2024 tók allt starfsfólk þátt í að búa til „leikheim“, með búningagerð og fleiri kveikjum í umhverfinu.



Listakonurnar Dalía og Loly!

Heimsóknir. Dagana 16. – 20. október 2023 komu sænsku kennararnir til Íslands ásamt leikskólastjórum og fagstjórum.

Tveir kennarar frá Luxviken, þær Ulrike og Johanna, voru í Ægisborg með Lilju og Maríu Halldóru. Kennarapörin unnu saman með bókina, leikheim barnanna og hlutverk kennara í leiknum. Kennarar skráðu og heilmikill tími fór í ígrundun á leiknum og hlutverki kennarans í lok hvers dags. Á föstudeginum hittist allur hópurinn (sænsku og íslensku tengiliðir þessara 8 leikskóla) ásamt stjórnendum, þar sem samstarfskennarar kynntu skráningar og vangaveltur vikunnar. Þetta var virkilega ánægjuleg vika fyrir kennara og börn í Ægisborg.

Dagana 15. – 19. apríl sl. fór íslenski hópurinn til Stokkhólms og þær María Halldóra og Lilja heimsóttu Luxviken. Skipulag vikunnar var með sama sniði og um haustið en þekking kennaranna dýpkaði og m.a. var hugtakið *félagsleg sjálfbærni* tengt leik og skoðað. Eru það áhugaverðar þælingar á því flókna samspili sem á sér stað í leik og munu þær fylgja okkur inn í komandi starfsári.

Verkefnið hefur fært kennurum og börnum ómælda gleði, leik og nám og við hlökkum mikið til að þróa verkefnið enn frekar á komandi starfsári.



Það er nú gott að geta hvílt sig á öllu þessu múmínveseni! Skák!



5. SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Samstarf Ægisborgar og Grandaskóla á sér langa og farsæla sögu. Í starfsáætlun síðasta árs var tæpt á því að ekki hafði náðst sami dampur í það góða samstarf eftir covid árin, en fyrir lægi kjarngóð áætlun um bætt samstarf. Flest þess sem ákveðið var gekk eftir og er horft fram á veginn eftir mannbreytingar og erilsamt vor.

Í Ægisborg eru alltaf góður hluti elstu barna á leið í Melaskóla að hausti. Í vor þá bauð Melaskóli börnunum í Ægisborg í heimsókn. Fengu börnin að fara í íþróttatíma og á bókasafn auk þess að taka þátt í frímínútum og skoða frístundina Selið. Viðlíka heimsókn er okkur afar kærkomin þrátt fyrir að Grandaskóli sé samstarfsskóli Ægisborgar. Vel gert Melaskóli.

Samstarfið við Grandaskóla gekk prýðilega.

Í september heimsóttu 1. bekkjar börnin gamla leikskólann sinn. Þau sem ekki höfðu verið í Ægisborg fengu að fljóta með. Þá gafst leikskólabörnunum tækifæri á að spyrja gömlu félagana um nýja skólann sinn og hvernig lífið gengi fyrir sig í Grandaskóla.

Á aðventu fór Öldudeild í Grandaskóla í samsöng.

Í febrúar fóru svo leikskólabörnin á bókasafn Grandaskóla, fengu að fara inn í skólastofur og tóku þátt í samsöng.

Í apríl þurfti Ægisborg að afþakka gott boð um að koma inn í íþróttatíma, þar sem dagarnir sem í boði voru hittu á þá viku sem þrír kennarar í Ægisborg voru í Stokkhólmi í vinnuferð. Ekki náðist að finna þeirri heimsókn stað annars staðar í dagskrá skólanna.

Í maí fóru svo börnin inn í skólastofur, unnu verkefni í tengslum við bókina Blómin á þakinu, borðuðu nesti og fengu að taka þátt í frímínútum sem er auðvitað mikil lífsreynsla.

Á haustdögum hittast deildarstjórar Grandaskóla og Öldudeildar og smíða verklag fyrir samstarf skólanna komandi vetur. Venjulegast er byggt á þessum verkefnum/heimsóknum sem hér er getið að framan.



Mannslíkaminn rannsakaður í Melaskóla!



6. FORELDRASAMVINNA

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti byggja á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla.

Í foreldraráði Ægisborgar sitja 4 fulltrúar. Ráðið er m.a. ráðgefandi um starfsáætlun, sumarlokun og annað sem viðkemur breytingum á starfsemi er lagt fyrir foreldraráð. Foreldraráð lagði blessun sína yfir sumarlokun en nú er lokað 4 síðustu vikurnar fyrir verslunarmannahelgi. Ráðið fundaði tvisvar liðið starfsár með stjórnendum. Liðsinni foreldraráðs hefur reynst dýrmætt í gegnum tíðina.



Feðgar í vöflukaffi.

Foreldraráð 2023-2024 skipuðu: Krístrún Gunnarsdóttir, Bryndís Eir Kristinsdóttir, Halla María Ólafsdóttir og Stefanía Dögg Jóhannesdóttir. Nýtt ráð verður skipað að hausti.

Foreldrafélag Ægisborgar er góð viðbót við leikskólalífið og stendur að nokkrum viðburðum ár hvert. Helst ber að nefna jólaball fyrir börn og foreldra, vorheimsókn í sveit og sumarahátíð, fyrir utan annað sem til fellur. Formaður foreldrafélagsins er Marta Guðrún Blöndal.

Foreldrar hafa tekið þátt í mörgum viðburðum liðið starfsár, en helst ber að nefna aðventukaffi, foreldravíku í byrjun janúar, vöflukaffi að vori, bóndadags- og konudagskaffi, KR-sýningar, útskriftarahátíð að ógleymdum hinum valfrjálsu kaffistundum fimmtudagsmorgna.



Bréf að heiman er dásamleg viðbót við leikskólalífið



Skipulagsdagar í Ægisborg verða eftirfarandi:

23. ágúst

27. september -
sameiginlegur í skólum
Vesturbæjar

6. desember

17. janúar

6. febrúar –
sameiginlegur í skólum
Vesturbæjar

5. maí – sameiginlegur
í skólum Vesturbæjar

Hér til hliðar má sjá skipulagsdaga í Ægisborg komandi starfsár. Sumarlokun sumarið 2025 verður 7. júlí – 4. ágúst að báðum dögum meðtöldum, með fyrirvara. Í gangi er tilraunaverkefni í austurhluta borgarinnar sem gengur út á það að elstu börn leikskólans fara í frístund í júní og á þessari stundu er ekki vitað hvernig næsta sumar verður hjá okkur. Ægisborg opnar aftur þriðjudaginn 5. ágúst ef allt fer sem venjulega. Skipulagsdagatal verður best skoðað í Völuappi foreldra, en vitanlega eru þar sumar dagsetningar með fyrirvara. Sem dæmi má nefna að við færum íþróttahátíð eftir veðri og útskrift eftir því hvenær við getum fengið hentugan sal.



Guðrún les með Fjörubörnum.

Þá er þessari starfsáætlun lokið og tilhlökkunin tekur við.

F. h. Ægisborgar,

Auður Ævarsdóttir leikskólastjóri,

Ásmundur K. Örnólfsson aðstoðarleikskólastjóri



8. FYLGIGÖGN

8.1 UMSÖGN FORELDRARÁÐS UM STARFSÁÆTLUN ÆGISBORGAR 2023-2024

Foreldraráð Ægisborgar hefur yfirfarið starfsáætlun leikskólans og lýsir yfir ánægju með hana. Starfsáætlunin er ítarleg, fagleg, metnaðarfull og auðlesanleg. Hún er einnig einkar góð innsýn inn í starfið á leikskólanum. Það var framfaraskref í könnuninni Stofnun ársins á milli ára og var sérstaklega ánægjulegt að sjá liðinn vinnuskilyrði taka við sér. Ljóst er að það var rót vegna framkvæmda á Kotinu um haustið sem höfðu dregist á langinn, en svo virðist sem ánægja starfsfólks Ægisborgar sé mikil eftir breytingarnar og nýtast áður notuð skrifstofurými einnig vel fyrir börnin.

Í gegnum lestur á starfsáætlun Ægisborgar skín fagmennska, gleði og áhugasemi starfsfólks og stjórnenda í gegn. Rauði þráðurinn er þátttaka Ægisborgar í þróunarverkefninu sem styrkt er af Erasmus+ en ljóst er að samstarfið við leikskólann Luxviken hefur haft jákvæð áhrif á bæði starfsfólk sem og börnin á Ægisborg. Verkefnið rímar einkar vel við nýja aðalnámskrá og mátti sjá hvernig verkefnið kveikti áhuga barnanna í gegnum leikskólaárið. Sérstaklega minnstætt er þegar Morrinn sjálfur kom í heimsókn og tala börnin enn um þann skemmtilega dag.

Foreldraráð þakkar gott samstarf á skólaárinu. Við erum svo sannarlega ánægð með Ægisborg - þar sem metnaðarfullt starfsfólk og ánægð börn vinna vel saman.

Fulltrúar í foreldraráði:

Bryndís Eir Kristinsdóttir, Halla María Ólafsdóttir, Krístrún Gunnarsóttir, Stefanía Dögg Jóhannesdóttir.





Leikskóladagatal 2024 - 2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S
		Kynningarfundur Fjórudeildar kl. 15:30		Fullveldisdagurinn	Nýársdagur			Verkalýðsdagurinn		Sjómanna dagurinn
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
		Kynningarfundur Kots kl. 15:30						Alþjóðl. barnabókadagurinn		
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
				Adventukaffi kl. 15:00				Bolludagur Viðtalsvika á Bárudeild		
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M
								Sprengidagur		
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
Friðdagur verslunarmanna								Öskudagur	Skipulagsdagur - Lokað	Útskrift elstu barna m. fyrirvara
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F
Ægisborg opnar eftir sumarfrí				Skipulagsdagur - Lokað	Þrettándinn Almæli Ægisborgar	Skipulagsdagur - Lokað Dagur leikskólans				Skólaslið grunnskóla
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
					Foreldravika hófst í gær	Dagur tónlistarskólans				
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S
	Dagur læsis	Kennarar frá Stokkholmi koma í heimsókn í 3 daga	Baráttudagur gegn einelti		Foreldravika			Barnamenningarhátíð hefst		Hvítasunnudagur
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M
	Læsisvika hefst í Ægisborg				Foreldravika			og stendur til 13. apríl		Annar í hvítasunnu
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
					Foreldravika			Viðtalsvika á Fjórudeild		Vatnsvika í Ægisborg
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M
						Dagur íslenska táknmálsins				
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
				Litlu jólin í Ægisborg						Kynningarfr. nýrra foreldra
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F
								Pálmasunnudagur	Vöflukaffi kl. 15:00 - 16:30	
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
							Dagur stærðfræðinnar	Páskafri		
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
			Halditöpp á dag íslenskrar tungu í Ægisborg					Páskafri		
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
	Dagur íslenskrar náttúru		Dagur íslenskrar tungu					Páskafri		
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ
					Skipulagsdagur - Lokað			Viðtalsvika í Koti	Skírdagur	Lýðveldisdagurinn
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
	Kynningarfundur Öldudeildar kl. 15:30							Föstudagurinn langi		Hreyfidagur hefjast
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
				Dagur mannréttinda barna						og standa fram á mánudag
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F
								Páskadagur		
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
Síðasti dagur 2018 barna						Góukaffi í Ægisborg		Annar í Páskum		
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
Skólaásetning grunnskóla								Foreldratími í KR -eldri m. fyrirvara		
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
Skipulagsdagur-Lokað				Þorláksmessa		Konudagur - upphaf Góu		Dagur bókarinnar Bókadagur í Ægisborg	Foreldratími í KR -yngri m. fyrirvara	Íþróttahátíð í Ægisborg Alþjóða ólympíudagurinn
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ
	Kynningarfundur Bárudeildar kl. 15:30	Vetrarfrí		Aðfangadagur jóla	Böndadagur Böndadagskaffi-Þorablót	Vetrarfrí	Viðtalsvika á Öldudeild	Sumardagurinn fyrsti		
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
		Vetrarfrí		Jóladagur						
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
	Evrópski tungumaladagurinn	Fyrsti vetrardagur	Vasaljósdagur	Annar í jólum						
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
	Skipulagsdagur-Lokað			Jólafrí						
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
		Vetrarfrí								
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M			29 L	29 Þ	29 S
				Jólafrí					Uppstigningardagur/Lokað	
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F			30 M	30 F	30 M
31 L		31 F		31 Þ	31 F			31 M		
				Gamlársdagur						

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskólum.